

Reykjavík, föstudagur, 19. nóvember 2021
Tilvísun: 2018110026/07

Verklag ráðgjafa á neyðarvistun Stuðla

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk

Vistun

I. Beiðni um innskrift

Fulltrúi barnaverndarnefndar hringir og óskar eftir plássi fyrir ungmenni. Oft er verið að leita að ungmenninu og tímasetning komu því óljós. Gott er að skrá eftirfarandi upplýsingar:

- Hver hringdi og nafn viðkomandi barnaverndarnefndar
- Nafn skjólstæðings, aldur og jafnvel kennitala
- Hvenær var hringt
- Hvenær er von á skjólstæðingnum
- Ástand skjólstæðings og ástæða vistunarbeiðni (neysla, ofbeldi, útigangur, annað)

Aðeins barnaverndarnefndir geta vistað ungmenni á neyðarvistun. Berast þarf skrifleg beiðni frá viðkomandi nefnd áður en ungmennið kemur inn á deildina. Áður en komið er með ungmennið á neyðarvistun ber að fara með það á bráðamóttöku LSH ef grunur er um neyslu.

Eyðublað fyrir vistunarbeiðni er að finna á heimasíðu bvs: <http://www.bvs.is/fagfolk/eydublod/medferd/>

Prentuð eintök eru að finna á skrifstofu deildarstjóra.

II. Innskrift

Þegar barn kemur í hús er innskrift færð í dagbók, í möppu barns og í innskriftarbókina:

- Nafn starfsmanns og viðkomandi barnaverndarnefndar og hver kemur með barnið
- Nafn unglings og kennitala
- Hvenær var innskrið (t.d. kl. 15.30)
- Ástæða vistunar
- Ástand barns við komu

Hvert barn er með sérmerkta möppu. Ef barnið hefur ekki verið vistað áður á neyðarvistun þarf að útbúa nýja möppu, en auðar möppur er að finna í hillu á skrifstofu deildarstjóra. Eldri möppur eru geymdar í skjalaskáp inni í skjalaherbergi.

Spyrja þarf starfsmann barnaverndarnefndar eða forráðamann hvort barn taki lyf að staðaldri og ef svo er þarf að fá upplýsingar um hver kemur með þau og hvernig þau eru gefin.

III. Leit

Við komu er barn beðið um að afhenda síma, tóbak, kveikjara og aðra þá hluti sem það kann að hafa á sér, þeir eru settir í plastbakka sem merktur er herbergi skjólstæðings og geymdur í læstum skáp. Ef viðkomandi er með peninga þá skal setja þá í umslag og skrifa upphæðina á umslagið og fer það einnig í bakkann.

Tveir starfsmenn leita því næst á viðkomandi, karlar á drengjum og konur á stúlkum. Farið er vel í gegnum farangur og leitað vel í yfirhöfnum. Hafa þarf góða aðgát við leit t.d. í vösum vegna hættu sem skapast getur af neyslutengdum hlutum s.s. sprautunálum. Ef neyslutengdir eða ólöglegir hlutir finnast við leit t.d. vímuefni, vopn eða annað, þá skulu þeir settir í poka og inn á skrifstofu forstöðumanns.

Ef rökstuddur grunur er um að barn sé með vímuefni eða aðra hættulega hluti innan klæða og neitar að láta þau af hendi er hægt að kalla til lögreglu til að fá aðstoð við leit.

IV. Barn boðið velkomið

Barni kynnt verklag deildar og sýnt herbergi/aðstaða.

V. Útskrift

Barnaverndarnefnd ábyrgð á vistun barns, hve lengi það er vistað og hvenær það útskrifast. Aldrei er hægt að vista barn lengur en í 14 sólarhringa á neyðarvistun. Forráðamönnum/foreldrum er heimilt að taka barn af neyðarvistun en þá skal starfsfólk strax hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd og upplýsa um stöðu máls. Öðru máli gegnir ef barn hefur verið úrskurðað á neyðarvistun af barnaverndarnefnd þá er ekki hægt að sækja barn án leyfis hennar. Ef barn er í gæsluvarðhaldi gilda dómsorð.

Við útskrift skal skrá í dagbók, í möppu og í innskriftarbók:

- Hvenær dags barn útskrifaðist

- Hver sótti barnið
- Hvert er barnið að fara að lokinni vistun

Almennar reglur og verklag

Starf á neyðarvistun felst fyrst og fremst í því að hlúa vel að börnum sem þar eru vistuð, sjá til þess að þeim líði sem best og huga að öryggi þeirra.

I. Lyfjagjöf

Ef skjólstæðingur tekur lyf að staðaldri þá skal sérstakt lyfjabloð sett í lyfjamöppu í vaktherbergi. Merkja þarf við hverja lyfjagjöf með nafni starfsmanns sem annaðist lyfjagjöf á hverjum tíma. Lyf eru geymd í læstum lyfjaskáp í vaktherbergi.

Við lyfjagjöf þarf að tryggja inntöku sem gert er með því að skoða munn barns eftir lyfjainntöku. Þetta er gert til að tryggja að barn geti ekki safnað lyfjum eða gefið þau frá sér, sjálfu sér og/eða öðrum til skaða.

Ef barn finnur fyrir fráhvörfum eða sýnir merki þess skal hringja í vakthafandi lækni á Vogu sem kemur á staðinn og metur ástand barns og mögulega þörf fyrir lyfjagjöf. Skrá þarf alla aðkomu Vogs. Fráhvarfslyf eru geymd í læstum lyfjaskáp á skrifstofu deildarstjóra. Ávísi lækni á Vogu lyfjum skulu þau skömmtuð í lyfjabox áður en þau eru gefin barni.

II. Nikótín

Ef foreldrar koma með sígarettur eða nikótínþúða fyrir barn er slíkt geymt og skammtað af starfsfólki. Sérstakir reykingatímar eru á neyðarvistun og sama á við um notkun munntóbaks og nikótínþúða, tímatafla hangir á vaktherbergi. Ekki er heimilt að nota veip á Stuðlum.

III. Útivist

Barn á rétt á útivist einu sinni á dag eftir fyrsta sólarhring vistunar ef hægt er að koma því við. Dæmi um útivist geta verið bíltúr, gönguferð, sundferð og önnur íþróttaiðkun. Ávallt þarf að meta ástand skjólstæðings og strokhættu fyrir útivist. Um börn í gæsluvarðhaldi gilda sérstakar reglur um útivist.

IV. Heimsóknir og símanotkun

Skjólstæðingum neyðarvistunar er ekki heimilt að hafa eða nota eigin síma á meðan á vistun stendur.

Skjólstæðingum neyðarvistunar er einungis heimilt að hringja í foreldra/forráðamenn, barnaverndarfulltrúa og réttargæslumann sinn. Þau símtöl fara fram í vaktherbergi og alla jafna í viðurvist starfsmanna. Við vissar aðstæður hefur skjólstæðingur færi á að tala í síma í einrúmi. Í einstöku tilvikum er leyft að hafa samband við systkini en þá með sérstöku leyfi foreldra. Ekki er leyft að hringja eftir kl. 22 á kvöldin.

Foreldrum/forráðamönnum er heimilt að heimsækja barn að höfðu samráði við deildarstjóra eða ráðgjafa. Ekki er sérstakur heimsóknartími en mælt er til þess að heimsóknir fari ekki fram eftir kl. 22 á kvöldin.

V. Svefntími

Svefntími á neyðarvistun er kl. 22:30 alla daga nema laugardaga þegar hann er kl. 23:00. Gott er að starfsfólk minni skjólstæðinga á svefntíma 15 mín. áður svo barn hafi tíma til að undirbúa sig fyrir svefninn. Slökkt er á sjónvarpi og fjarstýring tekin fram þegar barn er farið að sofa. Hafa ber í huga að fyrst eftir að barn er vistað getur tekið tíma að stilla svefn barnsins af.

VI. Þvagprufur

Leitað er að vímuefnum í þvagi ef barnavernd eða foreldri óskar sérstaklega eftir því. Barn hefur heimild til að neita þvagprufu. Ef barn hefur viðkomu á neyðarvistun á leið á langtímameðferðarheimili er tekin þvagprufa. Ef grunur er um neyslu inni á deild skal tekin þvagprufa. Starfsmaður af sama kyni og skjólstæðingur sér um framkvæmd. Niðurstaða er kynnt skjólstæðingi og barnaverndarnefnd og skráð í dagbók.

VII. Dagleg skráning í dagbók

Í dagbók eru skráðar allar heimsóknir til skjólstæðinga. Útivistir eru skráðar. Símtöl eru skráð eftir þörfum. Öll frávik og upptakomur sem tengjasthegðun eða líðan barns eru skráð í dagbók. Eins og fyrr segir eru skráðar vistunarbeiðnir, innskriftir og útskriftir. Yfirfara þarf skráningar í dagbók í lok hvernar vaktar og kvitta fyrir vaktina.

Inngrip

I. Sérstakar gátir

Almennt þarf að hafa öll ungmenni á neyðarvistun undir góðu eftirliti. Það felur í sér að ráðgjafar vita hvar ungmennið er stadd á deildinni og hvernig því líður.

Því til viðbótar er gerður greinarmunur á *ofbeldisgát*, *sjálfsskaðagát* og *neyslugát*. Sú fyrsta vísar til þess að skjólstæðingur er líklegur til að beita ofbeldi og/eða valda skemmdum á eignum. Næsta gátin vísar til mögulegs ásetnings um sjálfsskaða. Síðasta til hættu af afleiðingum neyslu. Mikilvægt er að skrá í dagbók ef talin er þörf á einhverri gerð þessara gáta og hvenig þeim er fylgt eftir á viðkomandi vakt. Nauðsynlegt getur verið að kalla til sjúkrabíl og/eða lögreglubíl ef aðstæður verða alvarlegar.

II. Þvingun

Komi til þess að beita þurfi skjólstæðing þvingun þegar stöðva þarf ofbeldi og/eða aðra skaðlega hegðun, t.d. með líkamlegri valdbeitingu, með því að vista skjólstæðing inni á lokuðu herbergi og/eða með því að framkvæma líkamsleit, ber að skrá slíkt í þvingunarskýrslu (sjá viðauka að neðan). Nauðsynlegt er að beita þvingun í samræmi við þær reglur sem um þvinganir gilda og vísa í réttar greinar reglugerða þar um. Þvingunarskýrslu ber að fylla út eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan sólarhrings frá atburði. Mjög mikilvægt er að kynna hana skjólstæðingi og gera honum ljósar leiðir til athugasemda. Að því loknu ber að senda hana til forstöðumanns Stuðla.

Viðaukar:

- Þvingunarskýrslur
- Skráningarblað fyrir Vog